

Mosfellsbær 5. maí 2025

### **Efni: Tillaga D-lista – þátttaka ungmenna í leikskólastarfi**

Fulltrúar D lista í fræðslunefnd leggja til að kannaðir verði möguleikar á því að unglingar og ungmenni, sem hyggjast starfa í Vinnuskólanum eða Bæjarvinnunni yfir sumartímann, geti sótt um störf á leikskólum bæjarins.

Fulltrúarnir telja að með því að veita leikskólum heimild til að ráða ungmenni til starfa yfir sumarið megi ná fram margvíslegum jákvæðum áhrifum. Slíkt gæti skapað dýrmæt tækifæri fyrir ungt fólk til að öðlast reynslu og tengingu við starfsemi leikskóla, auk þess sem það gæti stutt við leikskólabörn og létt undir með starfsmannahaldi á annasömum tíma árs.

Virðingarfyllt,

Ásgeir Sveinsson  
Elín María Jónsdóttir